

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um hálandisþjóðgarð, 369 mál.

Ég undirritaður Ársæll Hauksson leiðsögumdaur vil skora á stjórnvöld að hafna þingmáli um Hálandisþjóðgarð, mál 369, þar sem það gengur alltof nærri viðteknum hefðum, nytja- og almannarétti þeim sem hingað til hefur dugað vel til verndunar hálandisins og hagsmuna þjóðarinnar.

Varðandi frumvarpsdrögin sjálf gerir undirritaður/uð almennar athugasemdir við megin inntak þingmálsins þ.e. um stjórnun og valdheimildir sem og markmið með Hálandisþjóðgarði.

Athugasemdirnar taka þannig fyrst og fremst til fyrstu og annarrar greinar frumvarpsins til laga um Hálandisþjóðgarð.

Markmið þriðju greinar nást ekki með frumvarpinu. Almennaréttur hefur verið við lýði á hálandinu síðan að Járnsíða varð að lögum 1281 og eru þessi réttindi þar af leiðandi mörkuð af aldagamalli hefð sem er stór hluti af menningu Íslendinga. Reynslan sýnir að öll réttindi sem af okkur eru tekin er erfitt að vinna til baka. Að láta slík réttindi af hendi, í þágu ríkisins, er stærra skref en framsal fullveldis þjóðarinnar því um fullveldi einstaklingsins er að ræða. Slíkt framsal ætti aldrei að leiða í lög nema að undangenginni heiðarlegri kynningu á málinu auk þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem aukinn meirihluta þarf með málinu í nafni þjóðarsáttar.

Íslendingar geta ekki unað því að ferðafrelsi sé skert en við höfum þegar slæma reynslu af því frá Vatnajökulþjóðgarði þar sem framganga landvarða er ekki alltaf til fyrirmyndar. Lífnauðsyn krefst þess að Íslendingar geti ávallt tjaldað til einnar nætur í landi óbliðrar náttúru. För okkar um landið er í dag mörkuð skynsamlegum og auðskiljanlegum reglum og er okkar helsta vörn gegn yfirgangi jarðasafnara sem og stjórnvalda og besta leiðin til sáttar við náttúruna enda hefur hún gefist vel.

Við sem landið byggjum og greiðum hér skatta hugsum með hryllingi til þess að rúmlega 30% landsins verði miðstýrt í þágu ríkisins, þvert á sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaganna og íbúa þeirra sem við þessi svæði búa, í trássi við 78. grein stjórnarskrárinnar.

Við höfum einnig áhyggjur af því að sjálfbodaliðastarf og hófleg og skynsamleg uppbygging einkaaðila á hálandinu í sátt við sveitarfélögin heyri sögunni til og að það starf og uppbygging verði eingöngu enn ein fjúfan til að standa undir kostnaði við miðlæga stjórnsýslu Hálandisþjóðgarðs, líkt og dæmin sanna í Vatnajökulþjóðgarði þar sem komið hefur verið á kvótum og gjaldi til aðgangsstyringar þar sem sumir hljóta náð en aðrir ekki.

Þjóðgarðssporin hræða. Þjóðgarðar hafa lokað fyrir ökuleiðir, gönguleiðir og hjólaleiðir og í því samhengi hefur hefðaréttur ekki verið virtur en notkun slíkra leiða fellur samkvæmt öllum lagaskilgreiningum undir hefðbundnar nytjar eftir áratuga og/eða margra alda notkun. Fyrir liggur að eitt markmið Hálandisþjóðgarðs verður að hafa stjórn á allri þessari umferð, með frekari lokunum.

Þá liggur fyrir að ein leið til að skapa verðmæti er að takmarka aðgengi og selja svo aðgang. Það yrði hræðileg niðurstaða fyrir Íslendinga að verða með því móti gestir í eigin landi.

Aldrei ætti að koma þjóðgarði á laggirnar án stuðnings þjóðarinnar.

Ársæll Hauksson Vesturtúni 4 Garðabær

